

## Vegagerð og votlendi

Hlynur Óskarsson,

Votlendissetur Landbúnaðarháskóla Íslands

---

### Ágrip

Votlendi er áberandi þáttur í landslagi Íslands og hefur sem vistgerð verulegt gildi hvað varðar vatns- og efnabúskap viðkomandi landslags. Votlendi hefur aftur á móti átt undir högg að sækja undanfarna áratugi og stór hluti þess verið ræstur fram. Í dag leggja yfirvöld aukna áherslu á að vernda það votlendi sem eftir er og jafnframt að endurheimta raskað votlendi eftir því sem færi gefst. Við vegalagningu verður í mörgum tilvikum ekki hjá því komist að fara yfir votlendi að einhverju leiti. Við þær aðstæður er mikilvægt að greina hvaða röskun slíkar framkvæmdir hafa í för með sér fyrir viðkomandi votlendi. Á undanförunum áratug hefur Landbúnaðarháskóli Íslands (áður RALA), í samvinnu við aðila innan Vegagerðarinnar, unnið að rannsóknum sem beinast að því að meta umfang og eðli röskunar votlendis samhliða vegagerð. Árið 2000 voru settir upp lang-tíma rannsóknareitir við Vatnaleið og Borgarfjarðarbraut til að fylgjast með breytingum í gróðri og vatnstöðu samfara vegagerð. Gróður á hluta þessara lang-tíma reita hefur nú verið endurmetinn jafnframt því að vatnsstaða hefur verið mæld reglulega. Niðurstöður verkefnisins gefa til kynna að gróðurbreytingar í kjölfar vegagerðar eru hægfara og í sumum tilvikum óverulegar; allt eftir aðstæðum. Þeir þættir sem mestu virðast skipta í þessu sambandi eru vatnsstaða, gerð votlendis og lega vegar.